
Hugsuð málverk

Myndlist

Bragi Ásgeirsson



Helgi Þorgils Friðjónsson

Manneskjur sem reika um myndflötinn, einar sér eða í hóp og með augu, sem eins og stara í tómið og eru líkast til ekki af þessum heimi, heldur eins og endurvaktir holdgervingar löngu liðinnar fortíðar.

Óræðir svefngenglar, nableikir og litlausir, sem virðast ekki marka sér neina stefnu né hafa tilgang í sjálfu sér nema þá að vera tæki í höndum málarans, eins konar leikbrúður á tilgangslausu mannlífssviði, sem tengist fjarlægri og framandi goðafræði.

Þetta getur í senn minnt á skáldsögu Ítalans Giuseppe di Lampedusa um háaðal fortíðarinnar eða málverk belgíska súrrealistans Paul Delvaux, en í báðum tilvikum eru þeir að lýsa einhverju mjög nálægu þeim sjálfum í fortíð og draumum.

Þetta verður mér fyrst hugsað við skoðun sýningar **Helga Þorgils Friðjónssonar** í Vestursal Kjarvalsstaða, sem sýnir þar sem gestur menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar og stendur sýningin til 21. maí. Liturinn sjálfur, hinn efniskenndi litur, hvort heldur hann byggist á hvellum andstæðum eða samhljómi örfinna blæbrigða og þá jafnvel í hvítu eða svörtu, virðist sízt vera það, sem vakir fyrir listamanninum. Öllu heldur er hér einhver ankannaleg hugmyndafræði á ferð með alþjóðlegu ívafi, runninn upp úr framandi jarðvegi, sem gefur af sér aðra flóru en við eigum að venjast. Og þótt hinn hvíti litur fígúranna geti minnt á kalda landið okkar, virðist himnesk veðurblíða jafnan umlykja sviðið og skýtur hér skökku við.

Satt að segja kemur slíkt málverk málurum, sem lifa í litnum sjálfum og efniskennd hans, nokkuð undarlega fyrir sjónir og ekki eru mörg ár síðan slík list hefði verið dæmd framandi, væmin og lítilsigld gild. En breytt viðhorf og ný hugmyndafræði hefur gefið henni marktækt inntak að því er virðist. Fortek ég engan veginn, að hugmyndafræðin kunni að hafa rétt fyrir sér og að hér sé um fullgilda list að ræða á okkar tímum, en hvað gerist svo, er hin tilbúna hugmyndafræði úreldist og nýtt afbrigði ryður sér rúms í listheiminum? Það er hin brennandi og stóra spurning. Eða eiga listamenn að skrifa, semja tónsmíðar og mála fyrir alþjóðlega hugmyndafræði frá stærri þjóðfélagsheildum og hætta að rækta garð listar sinnar í auðmýkt fyrir sköpunarverkinu og lífinu, sem hrærist hið næsta þeim, allt um kring? Væri þá ekki síðasta vígi upprunalegrar hugsunar fallið, tungumálum, siðum og sérkennum þjóða á glæ kastað sem úreltu hnoði?

Eru þessi atriði ekki lengur þeir eiginleikar, sem eru hið dýrmætasta, sem lífið gaf manninum, ánægjan af lífsvitundinni og stoltið yfir heimaslóðum?


Víst er að hreiður smáfuglanna eru einnig fögur og mikilfengleg í sjálfu sér þótt ekki dragi þau beinlínis dám af hreiðurgerð stærri og litríkari fugla og hvað þá ránfuglanna!

Rétt er, að öllum er heimilt að leita efnisfanga í framandi menningu enda hefur það verið gert, og mun alltaf verða gert, og það er einnig víst, að margt telst mjög persónulegt í efnismeðförum Helga Þorgils, einkum hvað snertir næva og rómantíska æð.

En einhvern veginn finnst mér vanta hold og blóð í figururnar í þessum málverkum Helga Þorgils Friðjónssonar, þær virðast með öllu kynlausar og útlimir eru svo stífir að það er sem þá vanti liðamót. Hér er líkast sem framliðnir séu komnir á kreik og krefjist tilveruréttar og þátttöku í heimi lifenda.

En hér er gengið til verks af mikilli vinnugleði og sannfæringarhita og það hlýtur að teljast listamanninum til tekna og verði þeim að góðu sem meðtaka slíka list.

Listrýnir um stundarsakir



Einar Hákonarson

Vegna utanlandsfarar minnar mun **Einar Hákonarson** listmálari skrifa fyrir mig í blaðið næstu 6-7 vikurnar.

Einar er óþarfi að kynna fyrir lesendum blaðsins, en hann hefur af og til látið ljós sitt skína á síðum þess og síðast í ágætri grein um nýafstaðið málþing um listrýni í Norræna húsinu.

Að venju mun svo lítið verða um almenn listrýnisskrif í blaðinu fram í september, nema hvað helsu listviðburðina snertir, og þá er von mín, að fleiri hafi bæst í hóp myndlistargagnrýnenda blaðsins, hverjir sem það nú kunna að verða.

Hér vil ég koma því á framfæri, að það er harla niðurlægjandi fyrir íslenzk dagblöð að geta ekki haldið uppi reglulegri gagnrýni um það, sem listhús borgarinnar hafa upp á að bjóða. Trúboð og þröngar sérskoðanir eiga hér ekki heima, heldur almennt yfirlit og viðvarandi rökræða, svo sem gerist annars staðar á Norðurlöndum

Þróunin hefur orðið sú að listrýni dagblaða er fyrst og fremst miðlun fróðleiks til hins almenna lesanda og mikið er lagt upp úr því að gera hinum stærri listviðburðum ítarleg skil í mynd og máli svo og samsýningum ýmiss konar.

Hins vegar hefur á seinni árum verið minna lagt upp úr almennum einkasýningum t.d. í hinum minni listhúsum, nema ef um stór nöfn er að ræða, og þeim frekar þjappað saman i eins konar syrpur.

Meira er ritað um listir en ég veit dæmi til áður í hinum stóru blöðum í höfuðborgum Norðurlanda og þá einkum í menningarútgáfunum, sem eru nú daglegar sérútgáfur þeirra margra og ósjaldan með heilsíðumyndum í lit af listaverkum.

Hvernig þróunin verður á Íslandi er ekki gott að segja og hér verða menn að vona hið besta, en Morgunblaðið ræktar sinn hlut harla vel, en flest önnur blöð bæglega og ójafnt.

Myndlist er þannig hvergi hornreka heldur sívaxandi þáttur í daglegu lífi fólksins og menningarblöðin eru hvarvetna mikið lesin.

Ég býð Einar Hákonarson velkominn að blaðinu og treysti honum fullkomlega til að setja skoðanir sínar einarðlega fram.



Hjólhestur. Vatnslitir. Gunnlaugur St. Gíslason.

Raunsæismálverk úr Hafnarfirði

Myndlist

Einar Hákonarson

Þeir eru ekki margir íslensku myndlistarmennirnir sem lagt hafa fyrir sig raunsæismálverk. Hin síðari ár hefur borist fínlegur tónn sunnan úr Hafnarfirði frá tveimur hafnfirskum málurum, þeim Gunnlaugi St. Gíslasyni og Eiríki Smith. Fegurð Hafnarfjarðar og dulúð Reykjanesskagans hefur orðið þeim hvati til myndgerðar í vatnsliti. Og nú með stuttu millibili hefur almenningi gefist kostur á að sjá sýningar þessara ágætu málara. Síðast Eiríks Smith í Gallerí Borg og nú Gunnlaug St. Gíslason í Hafnarborg Menningar- og listastofnun Hafnarfjarðar.

Gunnlaugur mætir nú til leiks með 40 vatnslitamyndir og nokkrar grafíkmyndir. Lengst af hefur hann unnið með vatnsliti og náð töluverðum árangri í þessari tækni. Myndefni hans er nokkuð sérstætt í íslenskri myndlist, honum verður oft að yrkisefni hversdagslegir hlutir sem framhjá öðrum fara og nær oft að skapa stemmningu og dulúð.


Vatnsleysuströndin með sín eyðilegu hús verða að veruleika þar sem mannlífið er víðsfjarri og tregafullar kenndir framkallast í brjósti skoðandans eftir því, sem einu sinni var. Í nokkrum myndum af húsveggjum leikur birta um myndflötinn og myndar fínleg blæbrigði og sannfærandi myndheild. Í nýjustu myndunum nálgast málarinn einföldum myndefnisins enn meir en áður, í myndum af gömlum trédrumbum nær hann fram sterkum áhrifum á einfaldan hátt, einnig eru þær myndir gerðar af meira hugrekki og dirfsku en þær eldri og sýnir vel að Gunnlaugur bætir stöðugt við myndsköpun sína, þótt hægt fari.

Nemendasýning Myndlista- og handíðaskóla Íslands

Í Myndlista- og handíðaskóla Íslands hefur löngum verið kvika íslenskrar myndlistar. Þar hafa kennt margir af fremstu myndlistarmönnum þjóðarinnar og skoðanir á myndlist samtímans verið ræddar fram og til baka meðal kennara og nemenda. Oft og á tíðum hafa skoðanaskipti verið hörð um kennslumáta og aðferðir. Það versta sem gæti komið fyrir slíka stofnun er, ef menn væru of sammála. Skoðanaskipti er forsenda þess að innan skólans sé það líf, sem nauðsynlegt er framsæknu ungu fólki, sem er að stíga sín fyrstu spor á listabrautinni.

Það hefur lengst af verið illa búið að þessari æðstu skólastofnun okkar í myndlist hvað varðar húsnæðismál og aðstöðu alla og skýtur nokkuð skökku við að búið er að leysa húsnæðismál Myndlistarskólans á Akureyri á undan aðalstofnuninni. En treglega hefur gengið að koma ráðamönnum í skilning um gildi góðrar myndlistarmenntunar bæði fyrir íslenska myndlist almennt, svo og fyrir íslenska listhönnun ýmiskonar.

Þegar gerðar hafa verið yfirlitssýningar á ýmsum tímabilum íslenskrar myndlistar hefur oftast verið þagað þunnu hljóði um þátt Myndlista- og handíðaskóla Íslands og mótun kennara hans á komandi kynslóðir í íslenskri myndlist. En við getum léttilega skoðað aftur í tímann og séð í fljótu bragði dæmi eins og þátt Þorvaldar Skúlasonar á kynslóð abstrakt-listamanna, uppgang grafíklistar, konsept-listina, fígúratívu-listina, grafíska hönnun, keramík og textíl. Skólinn hefur nú í næstum hálfa öld verið sú fræðslustofnun, sem flestir íslenskir myndlistarmenn hafa stigið sín fyrstu spor í. Og nú gefur að líta á Kjarvalsstöðum nýútskrifaða nemendur úr 6 deildum skólans og vekur það athygli hve margir útskrifast úr fagurlistadeildum, alls 39 á móti 10 úr listiðnaðar- og hönnunardeildum. Það gefur auga leið að fagurlistirnar njóta nú um stundir meiri hilli nemendanna en listiðnaðargreinarnar og er það miður, því Íslendingar hafa mikla þörf á hæfu fólki til átaka í hönnunarmálum.



Verk eftir Guðrúnu Nielsen, höggmyndadeild.

Þetta er mjög fjölbreytt og lífleg sýning eins og vera ber þegar ungt framsækið fólk á í hlut. Það sem vakti mesta ánægju mína var að sjá hve höggmyndadeildin var skemmtileg, en hún er jafnframt yngsta deild skólans. Vönduð og vel hugsuð verk. Aðrar deildir komu einnig vel út og sýnilegt að vel er unnið í skólanum.

Undirstöðuatriði eins og teikningin er þó greinilega veikasti hlekkurinn og þarf að bæta úr því hið fyrsta. Einnig má benda á að hlutur kennaranna er mikill og reynslan sýnir oft að þegar þeirra nýtur ekki lengur við er eins og botninn detti úr sumum nemendunum þegar þeir þurfa að standa einir við listsköpun sína efir skólanámið.

En við þurfum ekki að kvíða framtíðinni hvað varðar endurnýjun í myndlistarmannastétt, þegar þetta unga fólk kemur til starfa innan íslenskrar myndlistar og það er von mín að það verði árlegur viðburður á Kjarvalsstöðum að útskriftar-nemendur Myndlista- og handíðaskóla Íslands sýni þar sín lokaverkefni, því þau njóta sín miklu betur þar en í skólanum sjálfum.